

Stjörnuþspá

21. mars - 19. apríl

Hrútur Það er óvenjuhætt við að hugmyndir þínar verði kveðnar í kútinn í dag. Allt sem þér leiðist drepur niður frumkvæði þitt.

20. apríl - 20. maí

Naut Þær aðstæður hafa skapast að þú ert í óvenjuvaldamikilli aðstöðu og því skiptir miklu máli að þú kunnir með vald þitt að fara. Gömul tækifæri munu reynast þér best þessa dagana.

21. maí - 20. júní

Tvíburar Það skiptir öllu máli að vera sannur gagnvart sjálfum sér og öðrum. Ekki trú þú því sem þú vilt trú varðandi maka eða nán vin.

21. júní - 22. júlí

Krabbi Stundum er tímanum með ókunnugum vel varið, en stundum er betra heima setið en af stað farið. Aðrir sjá ekki öll mál í sama ljósi og þú.

23. júlí - 22. ágúst

Ljón Öllu gríni fylgir einhver alvara svo þú skalt gæta orða þinna og hafa aðgát í nærveru sálar. Sýndu öðrum tillitssemi.

23. ágúst - 22. sept.

Meija Þú þarft á öllu þínu að halda til þess að verja skoðanir þínar fyrir aðgangshörðum andmælendum. Þér tekst flest það sem þú leggur áherslu á.

23. sept. - 22. okt.

Vog Umburðarlyndi og þolinmæði er nokkuð sem stundum er af skornum skammti hjá þér og það á við þessa dagana. Gefðu þér tíma til að finna hana svo þú fái frið.

23. okt. - 21. nóv.

Sporðdrekki Það er ekki nóg að geta sett mál sitt fram með skemmtilegum hætti ef þú gætir þess ekki að ræðan sé líka fræðandi. Reyndu að sjá ólíkar hlíðar.

22. nóv. - 21. des.

Bogmaður Hafðu augn hjá þér og láttu einskis ófrestað til þess að komast til botns í þeim málum sem þú hefur tekið að þér.

22. des. - 19. janúar

Steingeit Einhver samskiptavandi ríkir milli þín og vinnufélaga þíns. Hlustaðu á þína innri rödd, áður en ytri röddin fær að hljóma.

20. jan. - 18. febr.

Vatnsberi Spennan sem þú finnur til vegna yfirvofandi fundar með nýju fólki er til komin vegna ímyndaðs mikilvægis þess. Sýndu öðrum nærgætni.

19. febr. - 20. mars

Fiskar Viðskipti geta verið varasöm, þegar ekkert tillit er tekið til aðstæðna. Atorka þín mun skila sér í betri starfskjörum eða nýjum atvinnuöguleikum.

Kristinn Sigmundsson óperusöngvari – 70 ára

Glæstur ferill víða um heim

Kristinn Sigmundsson er fæddur 1. mars 1951 í Reykjavík og ólst upp á Holtsgötu og í Gnoðarvogi. Hann var í sveit í tvö sumur hjá afabróður sínum, Guðmundi Benónýssyni, á Gerðhömrum í Dýrafirði og síðan tvö sumur á Litla-Ármóti í Flóa.

Kristinn gekk í Vogaskóla og varð stúdent frá Menntaskólanum við Hamrahlíð 1971. „Það voru mikil mótunarár, ég var í Kór Menntaskólans við Hamrahlíð og kynntist þar klassískri tónlist en áður hafði ég mest verið að hlusta á popp, Bítlanu og Rolling Stones. Svo vaknaði mikill áhugi á bæði líffræði og íslensku og ég vissi ekki hvort ég ætti að velja þegar ég fór í háskólann.“ Líffræðin varð fyrir valinu og lauk Kristinn BS-prófi í því fagi 1977. Kristinn kenndi líffræði við Menntaskólann við Tjörna og síðan Menntaskólann við Sund þar til hann fór út í söngnám.


Söngferillinn

Kristinn hóf söngferilinn frekar seint, en hann lauk söngprófi þrítugur að aldri og ferill hans á alþjóðavettvangi hefst ekki fyrr en hann fer að nalgast fertugt. „Ég var alltaf að syngja í kórum, bæði í Söngsveitinni Fílharmóníu og Pólýfónkórnum. Svo tók ég þátt í konsertuppfærslu á La Traviata og var með þrjú minnstu hlutverkin í óperunni. Guðmundur Jónsson sem söng eitt af aðalhlutverkunum fór að hæla röddinni minni og sagði að ég þyrfti að gera eitthvað í þessu og ég fór að læra hjá honum í Söngskólanum í Reykjavík. Fyrst kitlaði þetta bara egóíð að vera að læra hjá honum og svo leiddist maður út í þetta hægt og rólega. Svo sagði konan mín að ég þyrfti að fara til útlanda. Það tæki enginn maður mig alvarlega nema ég myndi fara út og læra og ég hlýddi því bara.“ Kristinn lauk 8. stígs prófi í Söngskólanum 1981 og var svo í söngnámi í Vínarborg 1982-1983 og Washington DC 1984-1985.

Eftir námið var Kristinn við kennslustörf í Nýja tónlistarskólanum, Söngskólanum í Reykjavík og Tónlistarskólanum í Grindavík, sá um



Fjölskyldan Jóhann, Ásgerður, Kristinn, Mikael Bjarni og Gunnar.



Veidimaðurinn Kristinn er forfallinn fluguveiðimaður.

kórstjórn í Grindavík og var í Íslensku óperunni frá 1981 til 1982 og síðan 1985-1989. „Ég var í alls konar vinnu á þessum tíma, en allt í sambandi við söng, var til dæmis með þætti í útvarpinu um klassíska tónlist og söng í jarðarförum og á árs hátjóðum.“

Árið 1989 hófst síðan alþjóðlegur ferill þegar Kristinn var fastráðinn sem óperusöngvari við Hessisches

Staatstheater Wiesbaden. Hann var þar á mála til 1991 en síðan þá hefur hann verið sjálfstætt starfandi söngvari. Hann hefur sungið nokkuð á annað hundrað óperuhlutverka víðs vegar um heim, t.d. í New York, Vínarborg, París, London, Milanó, San Francisco, Los Angeles, Tókýó, Beijing og víðar í helstu óperuhúsum heims.

„Það hefur kosti og galla að vera í lausamennsku. Maður sér meira af heiminum og fær betur borgað en að vera fastráðinn einhvers staðar. En á móti er atvinnuöryggið ekkert og það er mikil samkeppni og svo er maður minna heima hjá sér.“

Uppáhaldshlutverkin

Aðspurður segist Kristinn syngja mest Wagner í seinni tíð en líka Rossini. „Það er kannski svolítið skrítið því þeir eru mjög ólíkir. Ég hef t.d. mikið sungið hlutverk Gurnemanz í óperunni Parsifal. Það er hlutverk sem mér þykir mjög vænt um og er eitt af stærstu bassahlutverkunum enda tók það mig um tvö ár að læra það. Svo er annað hlutverk, Ochs barón í Rósariddaranum eftir Richard Strauss, ég hef sungið það nokkuð oft

og er eitt af upphaldshlutverkunum. Síðan er annað Wagner-hlutverk sem er mér mjög hjartfólgið og hef sungið oft en það er Marke konungur í Tristan og Ísold.“

Það hefur ekkert verið að gera í söngnum á líðnu ári enda hefur tónlistarlíflífið niður vegna Covid en til stendur að Kristinn syngi á tónlistarhátíð í Búkaress í september nk. og síðan fylgja tónleikar í Atlanta, München og Tókýó í kjölfarið. Kristinn er því hvergi nærri hættur að syngja „Það fer eftir röddunum hversu söngferillinn getur orðið langur. Hjá hærri röddum eins og sópran og tenór þá er ferillinn oft búinn um fimmtugt. Ég syng samt mun minna núna en áður. Þegar var sem mest að gera var ég bara heima yfir sumarmánuðina og ég hefði getað verið að vinna allt árið, en ég vildi vera með fjölskyldunni yfir sumarið. En núna er ég að verða með elstu mönnum á sviðinu.“

Kristinn hefur verið duglegur að syngja hér heima og hefur oft sungið með Sinfóníuhljómsveit Íslands og í Íslensku óperunni. Hann hefur einnig haldið fjölmarga sjálfstæða tónleika, með Jónasi Ingimundarsyni píanóleikara og fleirum. Hann hefur sungið inn á fjölmargar hljómplötur með innlendum og erlendum útgáfum, óperur, í hljómsveitarverkum og ljóðasöng. Frá 2013 hefur Kristinn verið gestuprófessor við Listaháskóla Íslands.

Kristinn hefur hlotið margvísleg verðlaun og viðurkenningar fyrir söng sinn. Hann hlaut verðlaun í Belvedere-óperukeppninni 1983, Stámgauffeln 1991, sem eru sænsk verðlaun, fyrir upptöku á Don Giovanni. Hann hlaut Riddarakross Hinnar íslensku fálkaorðu 1994, var bæjarlistamaður Kópavogs 2005 og fékk Íslensku tónlistarverðlaunin 1996, 2011, 2012, 2013, fyrir söng og eða hljómplötu ársins. Hann hlaut menningarverðlaun DV 2010, útflutningsverðlaun forseta Íslands 2011 og Grímuverðlaunin 2015, þar sem hann var valinn söngvari ársins fyrir hlutverk sitt í óperunni Don Carlo. Hann hefur hlotið Grammy-verðlaun, en hann söng í uppfærslu með Los Angeles-óperunni á The Ghosts of Versa-

SÉRBLAÐ

Fermingarblað Morgunblaðsins

kemur út föstudaginn 12. mars

Fermingarblaðið hefur verið eitt af vinsælustu sérblöðum Morgunblaðsins.

Fjallað verður um allt sem tengist fermingunni.

PÖNTUN AUGLÝSINGA: Til mánudagsins 8. mars.

NÁNARI UPPLÝSINGAR GEFUR: Katrín Theódórsdóttir Sími: 569 1105 kata@mbl.is

Morgunblaðið

Til hamingju með daginn

Hafdís Ósk Pétursdóttir



40 ára Hafdís er Vopnfirðingur en býr í Reykjavík. Hún er með BA-gráðu í sálfræði og er að klára ritgerð fyrir MS-gráðu í mannauðsstjórnun, hvort tveggja frá HÍ. Hafdís vinnur sem ráðgjafi hjá Intellecta. Hún æfir blak með Prótti og situr í stjórn blakdeildarinnar.

Maki: Sveinbjörn Jónsson, f. 1981, verkfræðingur hjá Isavia.

Börn: Sævar Daði, f. 2007, Klara Hlín, f. 2010, og Dagur Kári, f. 2013.

Foreldrar: Pétur Hafsteinn Ísleifsson, f. 1957, verkstjóri hjá Útgerðarfélagi Akureyrar, búsettur á Laugum í Reykjadal, og Sigríður Karlsdóttir, f. 1957, vinnur hjá Momentum gjaldheimtu, búsett í Reykjavík.

Anna Krístrún Einarsdóttir



30 ára Anna er Reykjavíkingur og ólst upp í Breiðholti og Grafarvogi en býr í Mosfellsbæ. Hún er lögfræðingur að mennt frá Háskólanum í Reykjavík og vinnur hjá Dignu lögmansstofu.

Maki: Jóhannes Brynjólfsson, f. 1989, rafvirki hjá Rásinni.

Börn: Anton Einar, f. 2010, og Rebekka Rún, f. 2016.

Foreldrar: Rebekka Ingvarsdóttir, f. 1951, d. 2008, mannauðsstjóri hjá Skeljungi, og Einar Ágúst Kristinsson, f. 1945, húsgagnsmiður og fyrrverandi sýningarstjóri í Smárabíói og Laugarásbíói. Hann er búsettur í Reykjavík.

Börn og brúðhjón

Á opnunni „Íslendingar“ í Morgunblaðinu er sagt frá merku viðburðum í lífi fólks, svo sem stórafmælum, hjónavígslum, barnsfæðingum og öðrum tímamótum.


Allir þeir sem senda blaðinu mynd af nýjum borgara eða mynd af brúðhjónum fá frjá áskrift að Morgunblaðinu í einn mánuð.

Hægt er að senda mynd og texta af slóðinni mbl.is/islendingar eða á islendingar@mbl.is



Morgunblaðið

Úr frændgarði Kristins Sigmundssonar



illes eftir John Corigliano sem fékk tvenn Grammy-verðlaun 2016. Hann hlaut heiðursverðlaun Íslensku tónlistarverðlaunanna 2017.

Helstu áhugamál Kristins eru tónlist, ljósmyndun og fluguveiði. „Ég hlusta á klassíska tónlist en ekki endilega sungna tónlist, fæ nóg af henni í vinnunni. Svo hlusta ég töluvert á djass. Ég hef verið með áhuga á ljósmyndun alveg frá því ég var unglingur. Ég átti framköllunargræjur og stækkara og myrkvaði herbergi hjá foreldrum mínum. Svo er ég alveg forfallinn fluguveiðimaður. Ég veiddi mikið í Grímsá og Langá í seinni tíð og svo var ég mörg mörg ár í Laxá í Laxárdal, á urriðasvæðinu. Það er yndislegt svæði og eins og maður sé kominn í friðland.“

Fjölskylda

Eiginkona Kristins er Ásgerður Þórisdóttir, f. 21.3. 1953, hjúkr-

unarfræðingur. Þau eru búsett á Birkigrund í Kópavogi. Móðir Ásgerðar var Svava S. Ásgeirsdóttir, f. 26.7. 1934, d. 20.7. 2015, og stjúpfaðir var Þorvaldur J. Matthíasson, f. 29.4. 1934, d. 23.1. 2015. Þau hjónin ráku heildverslunina Skjólborg í Reykjavík. Faðir Ásgerðar var Þórir Kristjánsson, f. 25.6. 1932, d. 31.1. 2000.

Synir Kristins og Ásgerðar eru 1) Gunnar, f. 14.11. 1979, leikari, bús. í Reykjavík. Sonur hans er Mikael Bjarni, f. 21.9. 2000; 2) Jóhann, f. 6.5. 1988, óperusöngvari, búsettur í Hamborg í Þýskalandi. Maki hans er Sarah Butenschön.

Bróðir Kristins er Þórður Sigmundsson, f. 26.6. 1956, geðlæknir, búsettur í Skien í Noregi.

Foreldrar Kristins voru hjónin Ásgerður Kristjánsdóttir, f. 9.7. 1918, d. 24.5. 2010, húsmóðir og verkakona, og Sigmundur Þórðarson, f. 14.6. 1920, d. 4.4. 1973, sjómaður í Reykjavík.


Grettir



Hrólfur hræðilegi



Ferdinand



Í klípu



„AFSAKAÐU BIÐINA. ÉG ER SVOLÍTID Á EFTIR ÁÆTLUN.“

Hermann



„GAURINN Í GÆLUDÝRABÚÐINNI SAGÐI AÐ HANN ÞYRFTI AÐ HREYFA SIG MEIRA.“



Vísnaðhorn

Af kórónufrelsi og góðlyndum manni

Á Boðnarmiði segir Ólafur Stefánsson: „Það stýttist“:

Ó, Pfizer, ég fell þér um háls, fagnandi tek svo til máls: Að gefinni sprautu, gönguna blautu geng ég á barinn minn frjáls.

Og Jón H Karlsson segir: „Það hillir undir frelsi og sumaryl“: Kórónufrelsi

Þrái sól og sumaryl sunnanblæ og hlýju. Í góðu veðri vera til viðra mig að nýju.

Hólmfríður Bjartmarsdóttir yrkir:

Katrín konan hans Mara kann ekki vínið að spara er geðill við hann þennan góðlynda mann. Það er hún ekki við Ara.

Hallmundur Kristinsson svaraði:

Sífelld það gerir grínið, gamla spaugsama brýnið. Yrkjandi er oftastnær hér magnaðar vísur um vínið!

Hólmfríður aftur:

Um ýmislegt má yrkja grín ef eitthvað skeður. Best að yrkja um brennivín því brennivínið gleður.

Og að síðustu Guðrún Bjarnadóttir:

„Magnaður er hann Marí. Á morgun vil ég hann fari burt frá Kótu, með kók og skötu, og komi til mín.“ stundi Ari.

Broddi B. Bjarnason rifjar upp stöku eftir Sigurkarl Stefánsson menntaskólakennara:

Góa raular rótt og þýtt rímu veðurlagsins. Ekki er kyn þótt brosi blítt bræður óskudagsins.

Friðrik Steingrímsson yrkir um skjálftahrinuna:

Fyrir dyrum virðist vá, vitneskju um það hrinan gaf, að Reykjanesið rifni frá og reki út á ballarhaf.

Gamlar karla- og kerlingavísur:

Einu sinni karlinn kvað við kerlinguna sína: „Mikið gerir ellin að ég ætlaði varla að geta það!“

„Nógur er tíminn,“ kerling kvað, „að komast í himnahöllu, mér er nú ekki mikið um það – maturinn er fyrir öllu.“

Halldór Blöndal
halldorblondal@simnet.is